

## REGLUGERÐ

### um happdrættislán ríkissjóðs 1976, Skuldabréf I, vegna Norður- og Austurvegar.

#### 1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 200 millj. króna, skv. heimild í LXVII. lið 6. gr. fjárlaga 1976, sbr. lög nr. 36 frá 23. maí 1975 og lög nr. 7/1974.

#### 2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf I.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2 000,00 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í nóvember 1976 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 10. febrúar 1977.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 10 ár eða hinn 30. nóvember 1986.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur árlegur útdráttardagur, tala vinnunga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

#### 3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem í gildi er í nóvember 1976, til gjalddaga hinn 30. nóvember 1986. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagnesnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til gjalddaga þeirra verið lægri en hún var í nóvember 1976 og sé lægri á gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

#### 4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þeirrar, sem um er fjallað í 8. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 en hana skipa: Hagstofustjóri og er hann formaður, maður nefndur af Hæstarétti og annar nefndur af Seðlabankanum. Sama gildir, ef breyting verður á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, og skal þá nefndin úrskurða, hvornig umreikna skuli á milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Úrskurðir nefndar þessarar eru fullnaðarúrskurðir.

#### 5. gr.

Af happdrættisskuldabréfum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

#### 6. gr.

Árlega fjárhæð vinnunga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 10% — tíu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn fimmtudaginn 10. febrúar 1977 og síðan 10. febrúar ár hvert þar á eftir, þar til dregið hefur verið samtals 10 sinnum. Síðasti dráttardagur er því árið 1986.

Vinningum skal úthlutað skv. skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

4 vinningar á kr.	1 000 000.00 =	4 000 000.00
4 vinningar á kr.	500 000.00 =	2 000 000.00
90 vinningar á kr.	100 000.00 =	9 000 000.00
500 vinningar á kr.	10 000.00 =	5 000 000.00
<hr/>		
598 vinningar		20 000 000.00

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofnunar Háskólans við Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

### 7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, sbr. 4. gr. laga nr. 36/1975, sbr. og lög nr. 7/1974 og lög nr. 99/1971.

### 8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar visitölu framfærslu-kostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

### 9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

### 10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að  $\frac{2}{3}$  hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegjar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að  $\frac{1}{3}$  hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegjar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1975.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem selt er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Jón Sigurðsson.*

15. nóvember 1976.

Nr. 399.

**AUGLÝSING**

**um skipulag í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykjahrepps, að undanskyldum nauðsynlegum bygg-ingum á lögbýlum.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

18. nóvember 1976.

Nr. 400.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976:

Spærlingsmjöl \$ 6.10 á próteineiningu í lest.

Kolmunnamjöl \$ 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 14.5%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$1 = 189.50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðibili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. nóvember 1976.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*